

Fundur í byggingarnefnd Grunnskólans í Borgarnesi

Haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar þriðjudaginn 16. maí 2017 kl. 8:00

Mætt: Pálmi Þór Sævarsson, Sigursteinn Sigurðsson, Kristján Finnur Kristjánsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Guðrún S. Hilmisdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Tölvupóstur dags 15 maí, fyrirspurn Geirlaug Jóhannsdóttir .
 - a. Skipulagsmálin. Búið að auglýsa breytinguna á aðalskipulaginu í Bdeild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið á fimmtudag í síðustu viku og þá þarf leyfi Skipulagsstofnunar til að fá að staðfesta skipulagið í Stjórnartíðindum.
 - b. Stefnt er að því að útboðsgögn verði tilbúin um miðjan júní og þá verði boðið út.
 - c. Áætlað er að útboðsferli og samingagerð taki einn og hálfan mánuð, þannig að áætlað er að framkvæmdir geti hafist í byrjun ágúst.
 - d. Farið verður fram á ítrustu öryggisráðstafanir á vinnustað.
2. Teikningar af viðbyggingu Grunnskólans í Borgarnesi:
 - a. Byggingarnefndarteikningasett er að verða klárt, hægt að skila því inn formlega um leið og skipulagsmálin eru komin í gegnum ferlið.
 - b. Gert er ráð fyrir því að skipulagsmálin verði orðin frágengin í byrjun júní.
 - c. Verið er að vinna brunaskýrslu.
 - d. Verktími framkvæmda, stefnt á að skipta verkinu niður í tvo áfanga.
 - e. Fyrsti áfangi jarðvinna og burðarvirki verði boðið út miðjan júní.
 - f. Annar áfangi verði frágangur inni og úti. Hér verði einnig áfangaskipti. Byrjað verði á salnum og hann kláraður í vetur. Boðið út etv í október verk til minnst tveggja ára.
 - g. Endað verður á að rífa gömlu smíðastofuna og fara í lóðarfrágang.
 - h. Gera þarf ýtarlegri kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdirnar , Verkís og Zeppelin vinna saman að því. Verði lögð fyrir byggingarnefnd.
 - i. Endurnýja þarf allar neysluvatnslagnir í þessum hluta. Verkís skoðar hvort núverandi skólabygging sé nægjanlega sterk til þess að bera steyptar þakplötueiningar áður en loka ákvörðun með útfærslu á þaki er tekin.
 - j. Öryggismál: Þar sem mikið af börnum eru á svæðinu er gríðarlega mikilvægt að svæðið sé vel girt af. Gerð krafa um að byggð verði góð öryggisgirðing kringum framkvæmdarsvæðið sem verðu með læstu hlið allan tímann. Þetta verði sett inn í útboðslýsingar.
3. Byggingarnefnd mælist til þess að ráðinn verði byggingarstjóri með framkvæmdinni sem fyrst. Formaður falið að ganga í málið.
4. Byggingarnefnd óskar eftir því að fá að stefna að því að fá að bjóða út verkið samanber framanritað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8:40.